

Forsætisráðuneytið

Umsögn eingöngu send í gegnum samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 5. desember 2025

Umsögn SFF um drög að Atvinnustefnu Íslands – Vaxtarplani til 2035 (Mál nr. S-226/2025)

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) skiluðu [umsögn](#) um áform stjórnvalda um atvinnustefnu til ársins 2035 sem skilað var í gegnum samráðsgátt stjórnvalda¹.

Fjármálaþjónustumarkaður er mikilvægur og nauðsynlegur hlekkur í atvinnulífinu. **SFF telja að rými sé til að veita þessari mikilvægu stoð í atvinnulífinu meira vægi í stefnunni.**

SFF er fylgjandi því að fyrirsjáanleiki verði aukinn þegar kemur að stefnu stjórnvalda gagnvart íslensku atvinnulífi. Uppbyggilegt samtal stjórnvalda við einkageirann er grundvallarþáttur í því að tryggja alþjóðlega samkeppnishæft rekstrarumhverfi. Samtökin þakka fyrir tækifærið til að koma ábendingum á framfæri og nefna hér nokkra þætti sem mikilvægt er að hafa í huga. Ábendingar samtakanna lúta einkum að umgjörð um fjármálaþjónustu og með hvaða hætti fjármálaþjónusta getur stutt við markmið stjórnvalda. **Leggja samtökin áherslu á að þau séu reiðubúin til að eiga virkt og uppbyggilegt samtal við stjórnvöld um þá þætti sem hér koma fram eða annað sem viðkemur stefnunni.**

- SFF undirstrika að **öflug, samkeppnishæf fjármálaþjónusta og skilvirk miðlun fjármagns** eru lykilforsendur þess að atvinnustefnan nái markmiðum um aukna framleiðni, verðmætasköpun og vel launuð störf. Samtökin hvetja til að á hverjum tíma sé hugað að **samkeppnishæfni og starfsskilyrðum innlendar fjármálaþjónustu með** tilliti til þess að álögur á hana séu ekki meiri en gerist og gengur annars staðar.
- Brýnt er að **innleiðing EES-regluverks sé vönduð, tímanleg og vel kynnt**, auk þess að fylgst sé með alþjóðlegri þróun og **talað skýrt fyrir hagsmunum Íslands**.
- SFF **styðja einföldun og stafræn umbótaverkefni í opinberri stjórnsýslu** og hvetja til þess að ávinningur þeirra skili sér til heimila og fyrirtækja, m.a. með lagabreytingu er snýr að rafrænum skuldaviðurkenningum.
- SFF leggja áherslu á að **menntakerfið** stuðli sem best að því að skapa þá fjölbreyttu sérfræðiþekkingu sem vaxandi atvinnustarfsemi mun kalla eftir á hverjum tíma.

¹ [Umsögn SFF um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035](#)

Til viðbótar við ofangreint og fyrri umsögn er rétt að fara yfir nokkur atriði til viðbótar og ítreka framkomna þætti:

Mikilvægt er að efla hlutabréfamarkaðinn og erlenda fjárfestingu hér á landi

SFF hafa m.a. í umsögnum um lagafrumvörp talað með jákvæðum hætti um **eflingu erlendra fjárfestingar** hér á landi. Því vekur ánægju að augin atvinnuvegafjárfesting og bein erlend fjárfesting séu á meðal markmiða og mælikvarða við eftirfylgni og mat á árangri atvinnustefnunnar. Vísað er m.a. til nánari umfjöllunar um erlendar fjárfestingar í [umsögn samtakanna um 173. þingmál 157. löggjafarþings](#) um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þá er vert að líta til umfjöllunar um **ráðstefnuna „Leiðir til að efla hlutabréfamarkaðinn“** sem samtökin héldu ásamt Nasdaq í nóvember. Á ráðstefnunni var samhljómur um mikilvægi erlendra fjárfestinga. Í upphafi ráðstefnunnar kom skýrt fram í erindi Fjármála- og efnahagsráðherra, Daða Más Kristóferssonar, að fjárfesting í atvinnurekstri væri undirstaða velmegunar og að gera þyrfti meira til að fjölga fjárfestum, skráðum félögum og auka þátttöku erlendra aðila á hlutabréfamörkuðum og í fjárfestingum hérlandis. Seðlabankastjóri og forstjóri Nasdaq á Íslandi töluðu jafnframt fyrir mikilvægi þess að efla erlenda fjárfestingu hér á landi.

Á ráðstefnunni voru framangreindu til viðbótar nefndar fleiri leiðir til að efla hlutabréfamarkaðinn.² Eftirfarandi er nefnt í dæmaskyni:³

- Einstaklingar njóti **skattaívilnunar vegna hlutabréfakaupa**.
- Einstaklingum verði leyft að fjárfesta hluta af **viðbótarlífeyrissparnaði** sínum.
- Teknir verði upp **fjárfestingarreikningar** að erlendri fyrirmynd - reikningar verði sveigjanlegir og einfaldir og þeim fylgi **skattalegt hagræði**.
- **Arðgreiðslur geti farið fram oftar**, t.d. fjórum sinnum á ári.
 - Krefst breytinga á lögum um hlutafélög.
- Magnbundnar takmarkanir á **fjárfestingaheimildum lífeyrissjóða** verði afnumdar
- **Fjármálalæsi** verði bætt – Það styður við aukna þátttöku almennings á markaðnum.
- **Skattskylda** á hagnaði **erlendra aðila** af hlutabréfum verði **afnumin**.⁴

Mikilvægt er að áfram verði unnið úr þeim tillögum sem fram komu á ráðstefnunni og horft verði til þess hvernig hægt er að efla þennan þátt í atvinnulífinu sem stutt getur við uppbyggingu til lengri tíma.

Huga þarf að umgjörð um innlenda fjármálastarfsemi

Þrátt fyrir að erlendar fjárfestingar og fjárfestingar í atvinnuvegum hafi verið í brennidepli að undanförunu verður að hafa í huga **að innlend fjármálastarfsemi er ekki síður mikilvæg**. Telja verður að ekki hafi verið lögð næg áhersla á að efla innlendan fjármálamarkað og þá umgjörð sem

² [Hér](#) má einnig sjá samantekt um ráðstefnuna.

³ SFF vinnur nú við að skoða þær tillögur sem átt geta undir samtökin að finna brautargengi – einverjum hefur þegar verið komið á framfæri við til þess bæra aðila.

⁴ [Frumvarp liggur þegar fyrir sbr. umfjöllun um 173. þingmál.](#)

fjármálastarfsemi er búin hér á landi. Mikilvægt er að horfa til þess að innlendir fjármáلامarkaður sé samkeppnishæfur þegar kemur að þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það verður ekki lögð nægilega rík áhersla á mikilvægi öflugs fjármáلامarkaðar hérlandis fyrir íslenskt atvinnulíf og mikilvægi þess að hér séu starfsskilyrði sem styðja við öflugan fjármáلامarkað.

SFF leggja áfram áherslu á mikilvægi innlendar fjármálastarfsemi og benda m.a. á að **öflug, samkeppnishæf fjármálaþjónusta** og **skilvirk miðlun fjármagns** séu lykilforsendur þess að markmiðum atvinnustefnunnar um **aukna framleiðni, verðmætasköpun og vel launuð störf verði náð. Íslensk fjármálafyrirtæki skapa verðmæt og vel launuð störf**, bæði beint, í tilfelli starfsmanna þeirra, og óbeint með því að sinna þörfum íslensks atvinnulífs, en **hvers kyns álögur á fjármáلامarkaði draga úr svigrúmi til áframhaldandi sköpunar slíkra starfa**.

Samtökin benda á að stjórnvöld þurfa á hverjum tíma að huga að **samkeppnishæfni og starfsskilyrðum innlendar fjármálaþjónustu** með tilliti til þess að álögur á hana séu ekki meiri en gengur og gerist annars staðar. Áður hefur verið bent á að innlend fjármálafyrirtæki búa við ýmsar íþyngjandi álögur og kröfur umfram nágrannaríki Íslands, en þar má nefna **háa sértæka skatta**⁵, **háar eiginfjárkröfur** og **háa óvaxtaberandi bindiskyldu**, sem ásamt náttúrulegu smæðaróhagræði, stuðla að **Íslandsálagi**, sbr. m.a. umfjöllun í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið og skýrslu Intellecton um þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi.⁶

Einföldun regluverks

SFF fagna markmiðum um einföldun regluverks í atvinnustefnunni, stöðugu fyrirsjáanlegu og samkeppnishæfi rekstrarumhverfi, stafræna stjórnsýslu og að fjarlægja eigi óþarfa hindranir fyrir stofnun og rekstur fyrirtækja og efla þannig samkeppnishæfni þeirra.

SFF hefur í nokkurn tíma talað fyrir því að mikilvægt sé að útrýma **íþyngjandi gullhúðun/blýhúðun Evrópureglna og séríslenskum lagaákvæðum** um fjármálastarfsemi. Slíkar reglur hafa verið taldar íþyngjandi fyrir innlenda fjármálastarfsemi.⁷ Mikilvægt er að á okkar litla landi sé ekki gengið lengra en nauðsyn er í innleiðingum og að horft sé til smæðar hérlandis og tekið tillit til minni aðila þegar það getur átt við. Samtökin hafa haldið yfirlit yfir gullhúðunar/blýhúðunar og einföldunaratriði og átt uppbyggileg og góð samtöl við stjórnvöld hvað það varðar. SFF vinnur áfram að tillögum að breytingum til einföldunar og afnámi gullhúðunar/blýhúðunar, til viðbótar við þær sem áður hafa komið fram og hefur einhverjum þeirra tillagna þegar verið miðlað til stjórnvalda.⁸ Umræðan er jafnframt hávær í Evrópu og á Norðurlöndunum í þá átt að einfalda regluverk.⁹ Mikilvægt er að nýta þau tækifæri sem eru til staðar hvað varðar einföldun á regluverki.

Samtökin **styðja áframhaldandi einföldun og stafræn umbótaverkefni í opinberri stjórnsýslu** og hvetja til þess að ávinningur þeirra skili sér til heimila og fyrirtækja. Mikilvægt er að gæta þess að

⁵ Áætlað hefur verið að skattgreiðslur íslenskra banka séu tvö til þrefalt hærri en að meðaltali í ESB sé miðað við skatta í hlutfalli við áhættuvegnar eignir. Þá var ein meginröksemdin fyrir hinni upphaflegu skattlagningu að um tímabundið úrræði væri að ræða sem síðan hefur fests í sessi.

⁶ Sjá umfjöllun um Íslandsálag í [Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið \(2018\)](#) og skýrslu Intellecton um [Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi \(2024\)](#).

⁷ Sjá [24 ábendingar SFF til starfshóps um gullhúðun EES-reglna \(2024\)](#).

⁸ Sjá tilvísun 7.

⁹ Sjá til dæmis hér frá EBF: [Simply-Competitive-report-EBF.pdf](#) og [SFF tekur undir ítrekaðar áhyggjur Fjármálaeftirlitsins af flóknu regluverki | SFF](#) og hér [SFF tekur undir áhyggjur Seðlabankans og systurstofnana af flækjustigi regluverksins | SFF](#)

fjármáلامarkaður verði ekki eftir í staðvæðingu stjórnalda, enda hefur fjármáلامarkaður hérlandis verið drifkraftur í stafrænni þjónustu um árabíl. Mikilvægt er að stuðla að umbótum sem ná einnig til atvinnulífsins og nefna má sérstaklega mikilvæga breytingu á löggjöf er snýr að **rafrænum skuldaviðurkenningum**. SFF hefur undanfarinn áratug barist fyrir því að stjórnvöld klári það mál. Vísað er til nýlegrar umsagnar samtakanna um 231. mál, fyrir núgildandi löggjafarþingi, er lýtur að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar. Þar var greint frá því óhagræði sem dráttur á stafrænni umbreytingu hefði haft í för með sér og stjórnvöld hvött til að ljúka því stafræna umbótaferli er hófst með verkefninu um rafrænar þinglýsingar samhliða frumvarpi því er væri til umsagnar.¹⁰ SFF lýsa sig reiðubúin til að koma að lausn þess máls með stjórnvöldum.

Að lokum ítreka samtökin áherslu á að **menntakerfið** stuðli sem best að sköpun fjölbreyttrar sérfræðipekkingar, enda eykst þörf fyrir slíka þekkingu samhliða vaxandi atvinnustarfsemi. Þá verði kennsla í **fjármálalæsi** hluti af skyldunámi í samræmi við leiðbeiningar OECD. Ekkert barn á að fara út í lífið án grundvallarþekkingar á fjármálum. Með þeim hætti jöfnum við tækifæri allra barna burtséð frá baklandi og búsetu til að byggja upp heilbrigðan fjárhag.

Gangi þetta eftir eru allar forsendur fyrir því að innlend fjármálaþjónusta geti áfram stuðlað að bættum lífsskjörum og aukinni framleiðni hér á landi.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samtals við stjórnvöld um málið, aðkomu að útfærslu og tillögum þeim er hér hafa verið nefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu



Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SFF



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF

¹⁰ Umsögn: Stafrænar umbætur hafa dregist of lengi – Tímabært að ljúka ferlinu | SFF

Sjá jafnframt nokkur dæmi um nánari umfjöllun hér:

- 1) [Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum varðandi stafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum | SFF](#)
- 2) [Lagabreytingar sem létta lífið](#)
- 3) [SFF styðja rafræna málsmeðferð og kallar eftir lausn svo lánveitingar geti orðið að fullu rafrænar | SFF](#)
- 4) [Rafrænar skuldaviðurkenningar: Þjóðhagslegur ávinningur rafrænna þinglýsinga náir alla leið | SFF,](#)